



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að samþykkt verði tillaga styrkjanefndar um að úthlutað verði styrk til Rótarinnar 2.000.000 kr.

Greinargerð:

Styrkjapottur velferðaráðs fyrir árið 2019 hljóðaði upp á 138.531.894 kr. Samtals var úthlutað 134.600.000 kr. og voru því eftirstöðvar 3.931.894 kr.

Forsvarsmenn Minningasjóðs Einars Darra skiluðu styrk sem þau fengu vegna þjóðfundar sem var grundvöllur styrkveitingarinnar, en styrkurinn hljóðaði upp á 9.000.000 kr. Þann 13. nóvember samþykkti velferðarráðs að veita Foreldrahúsi – Vímulausri æsku 3.000.000 kr. viðbótarstyrk. Eftirstöðvar til styrkveitinga fyrir árið 2019 eru því samtals 9.931.894 kr.

Þann 8. desember 2019 óskaði Rótin eftir 2.000.000 kr. styrk til ráðgjafar, rekstrar og uppbyggingar á þjónustu frá velferðarráði Reykjavíkurborgar. Á liðnu ári hefur Rótin aukið þjónustu við konur með áfallasögu og/eða vímuefnavanda boðið er upp á leiðsagnarhópa og námskeið. Ljóst er að mikil þörf er fyrir einstaklingsbundna þjónustu en rík áhersla hefur verið lögð á að konurnar deili eingöngu því sem þær vilja í hópastarfinu. Ráðgjafi félagsins hefur þegar tekið til starfa í Bjarkarhlíð, en Rótin hefur átt í góðu samstarfi við Bjarkarhlíð.

Í grein 4.2 í styrkjahandbók Reykjavíkur er kveðið á um að ráðinu sé heimilt að halda eftir 5% samþykkrar heildarupphæðar styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar. Þar kemur einnig fram að ef sérstakar málefnalegar aðstæður liggi fyrir sé heimilt að halda allt að 10% samþykkrar heildarupphæðar. Á grundvelli þess ákvæðis er lagt til að styrkurinn verði veittur.

Fylgiskjal: Bréf Rótarinnar, dags. 8. desember 2019